



Reglugerð um lækniþjónustu á mótum:

Læknir:

1. Almenn

- 1.1.** Á öllum mótum á vegum HNÍ skal tryggð viðeigandi lækniþjónusta í samræmi við regluverk World Boxing, þar með talið Læknishandbók World Boxing (World Boxing Medical Handbook), eins og hún er uppfærð hverju sinni.

2. Mótslæknir

- 2.1.** Að jafnaði skal mótslæknir vera læknir.

3. Skyldur

- 3.1.** Þar sem ekki reynist unnt að tryggja viðveru læknis er stjórn HNÍ eða mótanefnd HNÍ heimilt að veita undanþágu þannig að sjúkraflutningamaður eða sjúkraliði með viðeigandi menntun og reynslu sinni lækniþjónustu á móti, enda sé það metið fullnægjandi með hliðsjón af umfangi móts, keppnisstigi og áhættu.

4. Ábyrgð

- 4.1.** Mótshaldari ber ábyrgð á að tryggja að lækniþjónusta sé til staðar og að allar ákvarðanir um keppnishæfi, stöðvun viðureigna og keppnisbönn fari fram í samræmi við reglur World Boxing.